Sþ. **243. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1975 og við brtt. á þskj. 237.

I. Frá *Pétri Sigurðssyni.*

1. Við brtt. 237, IV. — Við 4. gr. 1 02 982 28. Tillögugreinin orðast svo:
   Til Félags íslenskra myndlistarmanna til þess að standa straum af yfirlitssýningu á list íslenskra myndlistarkvenna vegna alþjóðakvennaársins 1975.
2. Við 6. gr. XXXI. Nýr liður:
   Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af búnaði lyfjabúra (sbr. reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 113/1974) til spítala, hæla, elliheimila og annarra heilsugæslustofnana, sem falla undir nefnd reglugerðarákvæði.

II. Frá *fjárveitinganefnd.*

Við 6. gr. XXXI. Nýr liður:

Að verja allt að 5 m. kr. til undirbúnings byggingu skólahúsnæðis fyrir þroskahömluð börn.